



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, 105 Rvk 4. september 2017 kl. 16:30.

(Fundur nr. 2 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Valgerður Auðunsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Jens Baldursson, Guðbrandur Brynjúlfsson, Brynjólfur Jónsson, Laufey B. Hannesdóttir. Páll Ingbór Kristinsson og Sigrún Stefánsdóttir voru í Skype-sambandi.

Formaður setti fund kl. 16.45.

Dagskrá fundar:

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar.** Lesnar voru fundargerðir stjórnarfundanna 2. ágúst og 27. ágúst. Samþykktar með smávægilegum orðalagsbreytingum.
- Skipan stjórnar og nefnda.** Stjórn SÍ var kjörin á aðalfundi SÍ 27. ágúst. Jónatan Garðarsson var kjörinn formaður. Sigrún baðst undan því að vera varaformaður. Ákveðið var að varaformaður yrði Guðbrandur Brynjúlfsson og Laufey B. Hannesdóttir yrði gjaldkeri. Aðalsteinn verður áfram ritari.
Þá var rætt um skipan nefnda. Stjórn Yrkjusjóðs er óbreytt. Jónatan kemur inn í stjórn Kolviðar í stað Magnúsar. Lydía kemur í stað Magnúsar í stjórn Landgræðslusjóðs (kosin á aðalfundinum að Stóru Tjörnum). Óvíst er hvort við verðum áfram í Almannaheillum. Höfum ekki greitt til samtakanna. Skógrækt í sátt við umhverfið: Ragnhildur, Einar og Þuríður verða áfram í nefndinni en óvíst er með framhald verkefnisins þar sem ekki hefur fengist styrkur. Fundarmenn töldu nauðsynlegt að fjalla meira um þetta nú þegar skógrækt fer vaxandi.
Sigríður er hætt í "Opinn skógur - Aldamótaskógur - Toyotaskógur".
Brynjólfur er í starfshóp um "Græna trefilinn". Nokkur vinna er við það verkefni í Hafnarfirðinum. Áhersla verður lögð á verkefnið á haustdögum. Hugsanlegt er að fjármagn fái frá ríkinu ef sveitarfélögin leggja til fé á móti.
Nefnd um aðalfundinn 2018 sem verður á Hellu. Sigrún hættir í hópnum en Jens og Valgerður verða í hópnum auk Kristins, Þuríðar og Hrefnu. Nokkuð var rætt um aðalfundinn á Stóru Tjörnum og væntanlegan aðalfund

á Hellu. Leggja þarf áherslu á leiðbeiningar og aðstoð við félagið sem heldur fundinn.

Einar og Ingi verða í nefnd um Fagráðstefnu skógargeirans.

Skipan nefndanna er óbreytt að öðru leyti en hér hefur verið talið upp.

3. **Fyrirkomulag stjórnarfunda næstu misseri.** Rætt um fyrirkomulag stjórnarfunda. Þeir verða annan mánudag í hverjum mánuði. Þeir verða: 9. okt., 13. nóv., 11. des., 8. jan., 12. feb., 12. mars, 9. apríl, 14. maí, 11. júní. **Spurt var um ferðastyrki fyrir þá sem koma lengra að á stjórnarfundum SÍ. Fyrir nokkrum árum voru ferðastyrkir samþykktir. Aksturstyrkir og flugferðir hafa stundum verið greidd. Koma þarf þessu í fastari skorður.**
4. **Ályktanir Aðalfundar SÍ og eftirfylgni þeirra.** Fjallað var um ályktanir aðalfundarins og eftirfylgni þeirra.
 1. **Framlag til aðalfundar.** Aukið verði framlag til þess félags sem heldur aðalfund SÍ. Ekki mun vera mikið fé aflögu. Skoða þarf nánar hvernig hægt er að verða við þessu. T.d. mun ráðstefnugjaldið greiða rúturnar, matur og gisting er greidd af þátttakendum o.s.frv.
 2. **Upplýsingamiðlun til formanna skógræktarféлага.** Fundargerðir stjórnar verða birtar á vefnum undir "Upplýsingar fyrir formenn".
 3. **Landgræðsluskógar.** Rætt var við ráðherrann í sumar. Fá þarf annan fund um þetta mál og fleiri mál.
 4. **Efning bændaskógræktar.** Ályktunin verður send Þorgerði Katrínu ráðherra og/eða fundað með henni.
 5. **Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.** Rætt um ályktunina og hvernig heppilegast sé að kynna hana.
 6. **Átak í fræsöfnun af birki haustið 2017.** SÍ tekur þátt í þessu. Sent verður bréf til aðildarfélaganna. M.a. rætt um að virkja Yrkju.**Ný lög um skógrækt og skógvernd – frá Skógræktarfélagi Íslands.** Þessari tillögu var vísað til stjórnar sem breytti henni. Hún hljóðar nú þannig:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, áréttar mikilvægi þess að vandað verði til verka við gerð nýrra laga um skógrækt og skógvernd. Skógarafurðir eru mikilvægar, hvort sem lítið er til þjóðhagslegra eða hnattræna þátta.
5. **Opinn skógur - 16. september - Fræsöfnun.** Málið rætt. Undirbúningur stendur yfir.
6. **Önnur mál.**

CPF (alþjóðleg samtök 14 skógræktarsamtaka og -stofnana, SÍ er meðlimur). Skógræktarfélag Íslands hefur í huga að senda inn tillögu að tilnefningu til verðlauna.

Rætt um nokkur mál sem varða aðalfundi félagsins.

Jens var annar fundarstjórinn á fundinum á Stóru Tjörnum. Hann stakk upp á að athugað yrði fyrir næsta aðalfund hvort heppilegt væri að kjörgengir fulltrúar fengju áberandi spjöld (t.d. gul eða rauð) til að nota í atkvæðagreiðslum. Ekki reyndi mikið á atkvæðagreiðslur á aðalfundinum þar sem engin mótatkvæði voru greidd. Hugsanlegt var að einhver án atkvæðisréttar hefði greitt atkvæði sem er óheppilegt. Laufey hvatti til þess að reynt yrði að fjölga ungu fólki í skógræktarfélögum, einnig að hvetja yngra félagsfólk til að sækja aðalfundina sem áheyrnarfulltrúar t.d. með því að gera ódýrara að sækja aðalfundina. Gistingin er of dýr. Um þetta urðu töluverðar umræður og var fólk sammála um að æskilegt væri að finna leið til að gera gistinguna ódýrari. Nú er gisting á Íslandi sérstaklega dýr og fram kom að erfitt er að fá gistingu í skólum fyrir t.d. íþróttafélög eins og áður tíðkaðist.

Fundi var slitið kl. 19.15

Fundargögn:

1. Stjórnarfundur SÍ 2. ágúst 2017
2. Stjórnarfundur SÍ 27. ágúst 2017
3. Yfirlit yfir starfandi nefndir og verkefni á vegum Skógræktarfélags Íslands...
4. Ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2017
5. Tölvupóstur frá Hreini Óskarssyni
6. CPF: Wangari Maathai "Forest Champions" award. Announcement of 2017 award